

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr 298

október 2016



We Serve

Október 2016. Blað nr. 298
THE LION IN ICELANDIC
Fjölumðæmi 109
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málgagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímariðið Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionskrífstofan, Sóltúni 20, 105

Reykjavík er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 14.00

Sími: 561 3122

Fax: 561 5122

e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrífstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir



FJÖLUMDÆMISRÁÐ
FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2016 – 2017

Fjölumðæmisstjóri: Árni Brynjólfur

Hjaltason, Lkl. Njarðvík

Umdæmisstjóri 109A: Gunnar

Vilbergsson, Lkl. Grindavíkur.

Umdæmisstjóri 109B: Björg Bára

Halldórsdóttir, Lkl. Rán.

Fjölumðæmisritari: Guðmundur Helgi

Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn.

Fjölumðæmisgjaldkeri: Guðmundur

Oddgeirsson, Lkl. Þorlákshafnar

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri:

Guðmundur Helgi Gunnarsson,

Lkl. Fjörgyn.

Vara fjölumðæmisstjóri: Jón Pálmason
Lkl. Viðar.

Protokol- og þingstjóri: Kristinn

Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar.

Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar

Friðriksson, Lkl. Hængur.

Kynningarstjóri: Hörður Sigurjónsson,

Lkl. Njörður.

Umhverfisstjóri: Kristófer A. Tómasson,

Lkl. Geysi

Ritstjóri Lion: Þorkell Cýrusson,

Lkl. Búðardals.

Netstjóri: Skúli Guðmundur

Ingvarsson, Lkl. Borgarinn.

NSR 2017 formaður þingnefndar:

Þór Steinarsson, Lkl. Fjörgyn.

GLT stjóri (menntun og

leiðtogaþjálfun): Halldór

Kristjánsson, Lkl. Ásbirni.

GMT stjóri (útbreiðsla og fjölgun):

Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafa.

GMT/konur í Lions: Hrund

Hjaltadóttir, Lkl. Fold

NSR-AU nefndarmaður/

Lestaráttaksstjóri: Hrund Hjaltadóttir,

Lkl. Fold.

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni

Þorsteinsson fyrrv. alþjóða-

stjórnarmaður, Lkl. Mosfellsbæjar.

Hjálparstjóri: Guðjón Jónsson,

Lkl. Seltjarnarness.

Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vigdís

Þorsteinisdóttir, Lkl. Æsa.

Ungmennaverkefnastjóri:

Ósk Aradóttir, Lkl. Úu.

LCIF stjóri, fyrrv. alþjóðastjórnar-

maður: Jón Bjarni Þorsteinsson

Lkl. Mosfellsbæjar.

Afmælisnefnd Lions: Pálmi Hannesson,

Lkl. Garður

MedicAlert stjóri: Lúðvík Andreasson,

Lkl. Tý.

Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir,

Lkl. Ylfa.

Formaður Kjaransorðunefndar:

Krístín Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.

Laganefnd (form.): Áslaug

Þórarinsdóttir, Lkl. Búðardals

Lions Quest stjóri: Magnús J.

Magnússon, Lkl. Selfoss.

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Daníel

Þórarinnsson, Lkl. Nirði.



Fjölumðæmisstjóri ásamt umdæmisstjórnurum.

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.
Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.

Skoðunarmaður (vara): Benjamín

Jóspesson, Lkl. Akranes

Varaumðæmisstjóri 109A: Ellert

Eggertsson, Lkl. Hafnarfjarðar.

Varaumðæmisstjóri 109B: Björn

Guðmundsson, Lkl. Hæng.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A:

Geirþrúður Fanney Bogadóttir,

Lkl. Æsa.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B:

Sigfríð Andradóttir, Lkl. Búðardals.

Frankvæmdastjórn

Lionsshreyfingarinnar 2015 – 2016:

International President: Robert „Bob“

E. Corlew USA

Immediate Past President: Dr. Jitsuhiro

Yamada Japan

First Vice President: Naresh Aggarwal

Inland

Second Vice President: Guðrún Björt

Yngvadóttir Island

First Year Directors

Bruce Beck,

Tony Benbow,

K. Dhanabalan,

Luiz Geraldo Matheus Figueira,

Markus Flaaming,

Elisabeth Haderer,

Magnet Lin,

Sam H. Lindsey, Jr.,

N. Alan Lundgren,

Joyce Middleton,
Nicolin Carol Moore,
Yasuhisa Nakamura,
Aruna Abhey Oswal,
Vijay Kumar Raju Vegesna,
Elien Van Dille,
Jennifer Ware,
Jaepung Yoo.

Second Year Directors:

Melvyn K. Bray,
Pierre H. Chatel,
Dr. Eun-Seouk Chung,
Gurcharan Singh Hora,
Howard R. Hudson,
Sanjay Khetan,
Robert M. Libin,
Richard Liebno,
Helmut Marhauer,
William L. „Bill“ Phillipi,
Lewis Quinn,
Yoshiyuki Sato,
Gabriele Sabatosanti Scarpelli,
H. Jerome Thompson,
Ramiro Vela Villarreal,
Roderick Paul Wright,
Katsuyuki Yasui

Upplag: 2400 eintök – Pökun og dreifing: Lionsklúbburinn Úa, Mosfellsbæ.

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf. Forsíðumynd: Sykurmæling frá síðasta ári.



Ritstjórnargreini

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur þá er annað tölublað starfsársins komið út. Ritstjóri er nú á leið á ráðstefnu ritstjóra lionsblaða í Berlín og sest þar á námsbekk til að fræðast um gerð netblaða. Þar á að kenna okkur að gera netblöð því það hefur heyrst að fækka eigi prentuðum blöðum um fjórðung sem þýðir væntanlega að á Íslandi koma bara út tvö prentuð blöð á ári sem styrkt eru af alþjóða skrifstofu Lions. Mér vitandi hefur þó ekki verið tekin endanleg ákvörðun um þetta en er þó afar líklegt. Félagar geta þó eftir sem áður sent greinar í blaðið en verða að lesa amk. fjögur blöð á heimasíðu okkar.

Lionsklúbburinn Úa í Mosfellsbæ hefur tekið að sér að sjá um pökun og merkingu lionsblaðsins og að koma því í póst. Þetta er verkefni sem þær taka að sér og er ég þeim þakklátur fyrir það og munu þær sjá um þetta blað.

Í þessu blaði eru margar áhugaverðar greinar sem ég hvet ykkur til að lesa, s.s. um NSR sem haldið er á Íslandi, ferða- og skemmtisögur með myndum frá nokkrum klúbbum ofl.

Eins vill ég minna ykkur á góðir félagar að nóvembermánuður er sykurssýki mánuður okkar og hvet ég klúbba að halda áfram baráttunni gegn sykursýki með fræðslu og mælingum í samstarfi við heilsugæsluna.

Að lokum óska ég okkur öllum góð gengis í öllum okkar störfum í vetur bæði störfum fyrir hreyfinguna og öðrum störfum sem við tökum okkur fyrir.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Þýðing Lionshreyfingarinnar er sá sami í dag og áður

Pistill frá alþjóðaforseta

Bob Corlew

alþjóðaforseti



isstjóri í Cheyenne, Wyoming, í janúar árið 1922. En Lionsfélagar héldu stefnunni. Þeir héldu sig við þjónustuhlutverkið. Vinskapur er hluti af félagsskapnum en þjónustan er framar öðru. „Verkefni skapa klúbbinn“ var fyrirsögn í grein sem Irving Camp Alþjóðaforseti skrifaði árið 1927. Hann skrifaði að sá klúbbur sem einungis hittist til að borða saman, er ekki að svara kalli þjónustu og liðveislu sem er eitt af grundvallaratriðum

Fyrstu blöð Lions eru full af tilvitnunum eins og „Tilgangur Lions“ „Þýðing Lionshreyfingarinnar“ og „Gildi Lions“. Klúbbur kaupsýslumanna var enn á teikniborðinu, og það var eins og Lionsfélagar þyrftu að sannfæra sjálfa sig að þeir væru á réttri leið. Óvissan varð til þess að menn spurðu sjálfan sig hvort Lionsklúbbarnir myndu lifa það af. „Á minni lífsleið hef ég séð stofnuð samtök full af hugmyndum, blómstra um tíma en falla svo í rúm gleyskunnar. Verður það hlutskipti Lions? Ég vona ekki“.

Þetta skrifaði A. Baker umdæm-

hreyfingarinnar. Nú þegar við nálgumst hratt aldarafmælið 2017, þá vitum við að frumherjarnir höfðu rétt fyrir sér. Þjónustan er það sem skapar Lions. Það er það sem við gerum og það er það sem við erum. Þetta hefur aldrei verið jafn augljóst og undanfarin tvö ár. Við settum okkur þau markmið að hafa lagt 100 milljón manns lið fyrir 30. júní 2018, í gegnum aldarafmælisátakið. Við báðum Lionsfélagana að annast unga fólkið, sjónvernd, hungur og umhverfisverkefni. Við veltum fyrir okkur hvort við næðum þessu markmiði í ljósi þess að klúbbarnir hafa þjónað 8 milljón manns árlega samkvæmt tilkynningum til Alþjóðaskrifstofunnar (en við vitum að rétt tala er hærrí). Það er mér sönn ánægja að segja ykkur að við náðum nýlega markmiðinu okkar sem var að hafa lagt 100 milljón manns lið. Verið hreykin yfir að vera hluti af samtökum sem nær svo góðum árangri og fer fram úr markmiðunum. En það er svo miklu meira sem við getum gert. Það er fleira fólk sem þarfnast okkar, fleiri viðfangsefni sem skipta máli og ný fjöll að klifra. Saman getum við náð nýjum hæðum í þjónustunni. Svo höldum áfram að leggja lið.

Chancellor Bob Corlew

Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar

Þýðing: Geir Hauksson

Fjölumdæmisstjóri

Árni Brynjólfur Hjaltason

Fjölumdæmisstjóri



Nú er starfið hjá flestum klúbbum komið í gang og því ber að fagna.

Stjórnir klúbba setja sér markmið á hverju starfsári sem er gott, því þá hafa klúbbar að einhverju að stefna.

Fyrsti fundur fjölumdæmisráðs, sem var sameiginlegur fundur umdæma og fjölumdæmis var haldinn laugardaginn 3. september á Radison Blu Hótel Sögu.

Góð mæting var á fundinn, en sérstaklega var ánægjulegt að sjá hversu margir svæðisstjórar sóttu fundinn. Sú nýbreytni var þetta starfsár að fræðsluteymið var með framhald af svæðisstjórasólanum á föstudeginum en það hafði mikið að segja varðandi þátttöku svæðisstjóra á laugardagsfundinum.

Í lok september fengum við afhent nýja húsnæðið okkar að Hlíðasmára 14, en undirbúningur varðandi breytingar á húsnæðinu eru hafnar.

Við gerum ráð fyrir að flytja skrifstofu okkar úr Sóltúni 20 fyrir áramót.

Evrópuþing Lions í Sofíu í Búlgaríu fer fram 27-29 október og munum við færa ykkur fréttir af því í næsta blaði.

Framundan er nóvember, mánuður sykursýkisvarna og þá ætlum við öll að vera dugleg að framkvæma mælingar eins og okkar er von og vísa.

Munum að vera sýnileg í verki og störfum með merki Lions.

Skilafrestur á efni í næsta blað er 24. nóvember

Pistill frá Umdæmisstjóra 109 A

Gunnar E. Vilbergsson

umdæmisstjóri 109A



Sælir ágætu Lionsfélagar. Nú er starfið komið á fulla ferð hjá Lionsklúbbum landsins. Ég hef farið á tvo svæðisfundi til að skyggjast inn í það sem er á döfinni hjá klúbbum á þeim svæðum. Ég verð að segja að mér líst afar vel á markmið þeirra klúbba sem þar eiga í hlut. Á báðum þessum fundum var Pálmi Hannesson formaður afmælisnefndar með kynningu á því sem fram fer á og í kringum 100 ára afmælið. Hann gerir hlutina vel eins og hans er von og vísa. Heimsóknir hjá mér, 1. varaumdæmisstjóra og 2. varaumdæmisstjóra eru hafnar og það er alltaf jafn gaman að koma í klúbbana og hitta mann og annan og heyra hvað félagarnir eru

að bralla. Allir eru að leggja málum lið á einhvern hátt sem er svo gott og gefur manni smá hlýju í sálina.

Opið hús var í Lionsheimilinu Sóltúni 20 föstudaginn 7. október. Lionsklúbburinn Fold hefur tekið að sér að sjá um súpuna og kaffið fram að áramótum hið minnsta. Það mættu 15 félagar og sá sem kom lengst að var frá Borgarnesi. Það er einmitt málið ef þið eruð á ferð í borginni fyrsta föstudag í mánuði hvað er þá betra við tímann gert en að kíkja við í Lionsheimilinu og fá sér súpu og hitta aðra Lionsfélaga. Ég hvet féлага til að kíkja við fá sér súpu og eiga gott spjall í rólegheitum. Húsið er opið frá kl.11:30-13:30 þessa daga. Súpan er klár kl.12:00

Nú erum við búin að fá afhent nýja Lionsheimilið á Hlíðasmára 14 Kópavogi og þegar þið lesið blaðið ættum við að vera langt komin með að breyta því sem breyta þarf svo hægt verði að flytja sig um set. Það verður ánægjulegt þegar það gerist. Einhvern veginn mun verða bjartara yfir öllu og allt miklu auðveldara. Engar tröppur og enginn stigi. Við munum auglýsa opnunina á heimasíðunni þegar þar að kemur og trúlega fá allir formenn tilkynningu þess efnis.

Þann 10. okt. fór ég í heimsókn til Lionsklúbbsins Suðra í Vík. Þeir voru að taka inn 5 nýja féлага og munu síðan taka inn 4 féлага í viðbót á næsta félagsfundi sem verður 24. október. Ég óska þeim innilega til hamingju með glæsilegan árangur.

Við þurfum svo að fara að gera okkur klár

í blóðsykurmælingarnar. Margir klúbbar munu mæla föstudaginn 11. nóv. og laugardaginn 12. nóv. Sykursýkisvarnardagurinn er 14. nóvember sem er mánudagur. Einhverjir munu mæla 18. og 19. nóv. bara eftir því sem hentar klúbba-starfinu hjá þeim. Forseti Íslands mun mæta í blóðsykurmælingu hjá Lionskl. Eik í Garðabæ 11. nóvember og það er að sjálfsögðu fagnaðar-efni.

Ég vil minna ykkur á að leggja fram eitthvað fjármagn í LCIF. Við vitum að margt smátt gerir eitt stórt ekki satt.

Ágætu félagar ég treysti á að þið standið ykkur vel í starfinu. Við munum að VILJI ER ALLT SEM ÞARF.



Fræðslukorn

Annar sögulegur hápunktur í sögu Lions Clubs International er innkoma kvenna á sem meðlimir árið 1987. Lions var fyrsta alþjóðahreyfingin í heiminum að gera konur að fullgildum félögum.

Þær komu með mikið af nýjum hugmyndum, orku og færni inn í hreyfinguna sem að hún hefur notið góðs af.

Starfsárið 1991-1992 er fyrsti kvenkyns umdæmisstjóri kosin en það var, Louise Colombani, District 103C, Frakklandi.

Árin 1999-2001 verður Nilofar Bakhtiar, Pakistan fyrsti kvenkyns alþjóðastjórnarmaðurinn í hreyfingunni.

Í lok ársins 2015 eru konur um 27% af félögum hreyfingarinnar.

Nú í ár var Guðrún Björt Yngvadóttir kosin 2 vara alþjóðforseti Lions sem þýðir að árið 2018 eignast hreyfingin sinn fyrsta forseta sem er kona. Ekki seinna vænna en eins og allir vita verður hreyfingin 100 ára 2017.

Þýðandi: Sigfríð Andradóttir
Lkl. Búðardals



Lionshreyfingin á Íslandi – til umhugsunar

Ellert Eggertsson

1. varaumdæmisstjóri 109A



Fjölgun félaga er eilíft vandamál hjá mörgum klúbbum og ekki síður áhyggjumál hjá umdæmisstjórnunum þar sem við verðum að viðhalda lánmarksfjölda til að getað verið löglegt fjöllumdæmi. Upp á síðkastið hefur umræðan snúist alveg eins mikið um brottfall félaga úr klúbbunum og að klúbbarnir ættu að hugsa meira um að halda félögunum til að minnka brottfall. Það væri hið raunverulega vandamál klúbbana. En hvað er til ráða í ljósi þess að það er mikil samkeppni í þjóðfélaginu um einstaklingana og margskonar afþreying í boði fyrir alla aldurshópa.

Það eru nú yfir 30 ár síðan ég gekk í Lionsklúbb Hafnarfjarðar og ég man að ein af aðalástæðunum fyrir göngu mína í klúbbinn á þeim tíma, var að ég hafði heyrt hvað það væri væri gaman og mikið líf á fundum klúbbsins. Á þeim tíma voru margir af framámönnum bæjarfélagsins í klúbbnum, margir af þeim þekktir úr atvinnulífinu og margir hverjir með góða kímniágu sem smitaði út frá sér á fundunum. Enn er ég á þeirri skoðun að það þurfi að vera gaman á fundum og við í Lkl. Hafnarfjarðar reynum alltaf að fá gesti og fyrirlesara á þá fundi sem við erum ekki að ræða innri málefni klúbbsins.

Það þarf að passa að nýir félagar fái strax verkefni og ekki kaffæra þá með of miklu starfi eða setja þá í embætti sem þeir ráða ekki við, oft eiga þeir kannski erfitt með að ræða þessi mál við félagana, þeir bara hætta til að losna. Ég hef séð nokkur dæmi um þetta og man eftir einu dæmi úr mínum klúbb. Eitt dæmi um hvernig hægt er að þjappa félögunum saman er að fyrir nokkrum árum tókum við, nokkrir félagarnir úr mínum klúbb, að okkur dómgaeslu í Boccia og dæmdum Íslandsmótið fyrir samtök fatlaða og þroskahefta. Ég er ekki í nokkrum vafa að þetta hjálpar upp á samheldnina, er skemmtilegt og við erum að gera góðverk í leiðinni. Síðan erum við farnir að spila sjálfir einu sinni í viku með fötludum, okkur til skemmtunar.

Á heimasíðu alþjóðahreyfingarinnar Lionsclubs.org er að finna margar greinar um Lions starfið, þar finnur þú ýmis námskeið og ráðleggingar fyrir klúbba. Ég fletti upp á grein sem kallast „Membership Satisfaction Guide“ eða Hvernig höldum við félögunum ánægðum þannig að þeir komi aftur og aftur á fundi.

Eftirfarandi eru nokkrar atriði sem ég tók úr inngangi greinarinnar:

Til þess að Lionsklúbbur haldist sterkur og öflugur klúbbur, þá þurfum við að líta á þær væntingar og vonir sem við bindum við klúbbinn okkar. Ef þú færir á veitingarstað sem þér líkaði ekki, myndir þú fara þangað aftur? Það sama á við lionsklúbbinn þinn. Ásamt því að bjóða nýja féлага velkomna, þá er það þýðingarmikið að þeir taki strax þátt í störfum klúbbsins. Ef nýr félagi finnur að hann er velkominn, honum líður vel í störfum klúbbsins, þá mun hann verða félagi um langan tíma.

Rannsóknir sýna að fólk gengur í Lions af mörgum ástæðum.

Eftirfarandi ástæður eru algengastar:

- Til að veita bæjar/sveitarfélaginu liðsinnis
- Til að vinna að ákveðnum verkefnum
- Til að vera með vinum sínum
- Til að gerast leiðtogar í bæjar eða sveitarfélaginu
- Til að vera með öðrum fjölskyldu meðlimum sem eru lionsfélagar

Hvernig getur klúbburinn þinn uppfyllt þær væntingar sem félagarnir eru að leita að?

Að halda klúbbnum virkum og afkastamiklum hefur mikil áhrif á félagana og mun árangurinn skila klúbbnum:

- Klúbb sem er mikilvægur og virtur í bæjar/sveitarfélaginu
- Hæfileika til að geta veitt bæjar/sveitarfélaginu liðsinni
- Hæfileika til að bjóða persónulegar og fagmannlegar ráðleggingar til fjölgunar á félögum
- Klúbb sem veitir ánægjulegan félagsskap
Er klúbburinn samrýmdur félagsskapur eða er hann samansafn af einstaklingum?

Passið að klúbburinn hafi ávallt yfirlýst og skilgreind markmið og miðlið þessum markmiðum til félaganna á skýran og opinn hátt

- Á alþjóðavef Lions er boðið upp á stefnumörkun og námskeið fyrir stjórnir klúbba, en ég mæli með að stjórnir klúbbana hafi samband við leiðtoga- og fræðsluteymi umdæmanna sem bjóða upp á fjölbreytt námskeið og eru þau ávallt tilbúin að aðstoða ykkur við stefnumörkun og margskonar fræðsla er í boði.

Ef klúbburinn okkar dafnar ekki, þá getum við ekki veitt öðrum lið.

Kæru félagar, nú er starfið komið á fullt skrið hjá flestum klúbbum og ég skora á stjórnir klúbbana um allt land að skipuleggja starfið sem best í upphafi starfsárs, það er lykillinn að blómlegu starfi og munið að við eigum alltaf að vera að leita að nýjum áskorunum – það er Lions.




Lýsum þeim sem ljósið þrá, en lifa í skugga.

Frá alþjóðþingi Lions

Lionsþingin eru allt annað en alvarlegar, þurrar samkomur. Dagarnir eru fullir af lífi, orku og gleði þar sem söngvarar, dansarar, tónlistarmenn og jafnvel Stjörnustríðs persónur og sumo unnendur sýna listir sínar.



Drum Tao; snilldartahtar á taiko trommur á alþjóðasýningunni.



Yū-Ki Nishimoto sýnir hefðbundna japanska listskrift (kalligrafiu) á þriðja þingfundi.



Þingfulltrúar íklæddir sumo búningum.



„Fifties stuð“ í upphafi annars þingfundar; tónlist, dans og tíska sjötta áratugar síðustu aldar.



Lionsfélagar njóta tónlistar á þriðja þingfundi.



Joe Preston, „Jedi Master“ LCIF, virkjar sinn innri „Obi-Wan Kenobi“ þegar hann lýsir árangri í starfi sjóðsins árið 2015-16. Sem fráfarandi alþjóðaforseti, stýrði hann LCIF á síðasta ári.



Sumo glímukappar í menntaskólalíði sýna hópi Leofélaga ótrúlega fimi sína í þingsalnum.

Leggjum vináttunni lið!

Björg Bára Halldórsdóttir

umdæmisstjóri 109B



Þá er starfsárið komið af stað og klúbbar, nefndir og ráð farin að vinna að sínum verkefnum. Ekki er að því að spyryja, allt gengur eins og vel smurð vél hjá dugnaðarljónum á Íslandi.

Mig langar að deila með ykkur því sem ég tel vera helstu áskorun Lionsfólks á Íslandi í dag en það er félagamálin, gegnumstreymi félaga. Síðustu ár höfum við fengið stóran hóp nýrra félaga en á sama tíma hafa allt of margir hætt og of margir staldrað stutt við. Þetta er nokkuð sem við sem hreyfing og hvert og eitt þurfum að taka alvarlega og skoða í kjölinn.

Að mínu mati er það í höndum klúbbanna og hvers einasta félaga að gera hér bragarbót á þó ég undanskilji alls ekki GMT og yfirstjórn. GMT og GLT hafa ýmis tól í sinni verkfærakistu í formi fræðslu og námskeiða sem klúbbar geta leitað eftir svo ekki sé minnst á stuðning og ráð. Einnig leiðtoganámskeiðið frábæra sem eflir hvern þann sem þátt tekur klúbbi sínum og sér persónulega til framdráttar.

Ég tel að við þurfum að vanda okkur meira

við inntöku nýrra félaga. Nýr félagi kemur inn með ákveðnar væntingar og uppfullur áhuga. Tryggja þarf að hægt sé að koma til móts við þessar væntingar, það er að segja að allar þær upplýsingar sem verðandi félagi fær séu sannar og réttar og að þær standist. Ekki sé gert lítið úr störfum og meira úr skemmtilegheitum svo dæmi sé tekið eða annað það sem gæti misskilist. Ég tala nú ekki um að taka inn nýja félaga ef starfið er í lægð eða ágreiningur er innan klúbbsins sem eftir er að jafna og láta eins og ekkert sé að. Þá er kannski betra, að fresta inntöku félaga þangað til búið er að vinna í málunum.

Eigum við ekki að taka á móti nýjum félögum á þeirra forsendum og hlusta á þeirra hugmyndir. Nýjir og ferskir vindar fylgja oftast nýjum félögum og umburðarlyndi þarf að vera af beggja hálfu svo sambandið dafni. Við þurfum að vanda okkur við þetta ferli.

Klúbbar þurfa að taka tíma í að skilgreina sig í nútíð og til framtíðar og velja sér nýja félaga eftir því. Það er mikilvægt að vinna

stöðugt að því að halda öllu í góðum gir innan klúbbsins og þurfa allir að vinna saman að því markmiði. Klúbbastarfið er ekkert svo ólíkt hjónabandi eða fjölskyldulífi, það þarf stöðugt að vinna í því að hafa allt í góðu. Það kostar hreinskilni og umburðalyndi félaga í milli því alltaf geta komið upp ágreiningsmál sem þarf að leysa úr og ekki eru allir eins.

Ef við náum að halda anda vináttu í klúbbunum okkar held ég að okkur farnist vel. Ánægja allra félaga þarf alltaf að vera markmið númer eitt, það er nokkuð ljóst að ánægður félagi yfirgefur ekki klúbbinn sinn. Skemmtum okkur og höfum gleðina með á fundum og í okkar störfum, það er svo gott að hlakka til næsta fundar. Höldum utan um félaga okkar sem eiga erfitt og minnum meðmælendur nýrra félaga á skyldur þeirra. Byggjum upp anda vináttu og samheldni í klúbbunum ásamt því að vinna að góðum verkefnum fyrir samfélag okkar. Það er það sem veitir okkur sanna hamingju.

Með vináttu leggjum við lið!

Lionsklúbbur Hveragerðis

Lionsklúbbur Hveragerðis hefur nú hafið 46. starfsár sitt 2016-2017 og hefur einn fundur þegar verið haldinn. Stjórn klúbbsins að þessu sinni skipa; Daði Ingimundarson formaður, Guðmundur Guðmundsson ritari og Kristján E. Jónsson gjaldkeri.

F.h Lkl. Hveragerðis.
Vilmundur Kristjánsson



LCIF leggur lið

Lionsfélagar á Haíti búnir að dreifa hjálpargögnum og LCIF hefur nú þegar veitt USD 10.000 úr hjálparsjóðnum okkar. Leggjum Haíti búum lið, styðjum LCIF

Upplýsingar teknar af vefmiðlum:

Fellibylurinn Matthew

„Við eigum ekkert“

Húsið stóð hátt við hvíta ströndina og útsýnið var fagurblátt hafið. Edouard fjölskyldan hafði það gott, miðað við aðra Haítibúa. En þá gekk fellibylurinn Matthew yfir og fór hörðum höndum um heimilið í þorpinu Zoange, á suðvesturströnd suðurskaga Haítí. Útsýnið er undurfagurt samt sem áður en hið fimm herbergja hús er rúst, þar sem fjölskyldan hefst nú við án skjóls.

„Við eigum ekkert,“ segir Mika Edouard, 42 ára fimm barna móðir. Eiginmaður hennar er Alphonse Francois Edouard, 50 ára. Umhverfis þau liggja bækur og þorna í sólinni. Rúmgafli stendur upp úr steinsteypuhlunkum sem áður mynduðu vegg húsins. Eldhúsið er pottur en umhverfis hann eru diskar sem liggja undir pálmablöðum til að skýla þeim frá heitri sólinni. Strandvegurinn sem liggur nokkra metra frá húsinu er eina líflína þeirra. „Fólk á leið framhá gefur okkur stundum mat,“ segir Mika. Flestar máltíðir samanstanda af banönum elduðum í hveiti. „Allt er búið“.

Fjölskyldan reyndi að standa af sér storminn á heimili sínu og vonuðu að veggirnir, úr steypu og múrsteinum, myndu standast ágjöfina. En þegar þakið fauk af húsinu hófu veggirnir að gefa sig og fjölskyldan leitaði á náðir nágretta. „Þökk sé guði þá erum við öll á lífi,“ segir Mika. Yngri börn hennar; 9, 12 og 13 ára, hópast í kringum hana. En fjölskyldan á litla von um að endurbyggja heimilið. Þau reistu húsið sjálf fyrir átta árum. Byggingarefni voru keypt með tekjum Alphonse, sem námu tæpum 230 krónum á dag. Hann starfaði sem fjárhirðir og stundum sem smiður. Húsið kostaði fjölskylduna rúmar 170.000 krónur.

„Það er ekkert sem við getum gert,“ segir Mika. „Við getum ekki endurbyggt, við eigum engan pening.“ „Allt er búið,“ segir Alphonse.

Stormurinn tók með sér allar kindur og geitir fjárhirðans, 21 talsins. Allt sem var eftir voru tvö særð dýr. Ávaxtatré sem fjölskyldan reiddi sig á voru eyðilögð. Og nágrennarnir eiga sjálfir í vandræðum og geta því lítið hjálpað.

Eina von Mika er að stjórnvöld eða hjálparsamtök komi fjölskyldunni til aðstoðar.

Kona virðir fyrir sér rústir heimilis síns í Port Salut. AFP

„Staða okkar er vonlaus,“ segir hún. „Ég bið til guðs fyrir húsinu mínu og fjölskyldunni minni,“ segir hún og aðstoðar eiginmann sinn við að ná í við sem þau ætla að reyna að nota sem skjól. Það myndi ekki standa af sér sterka vindhviðu, hvað þá annan storm.

Lionsfélagar á Íslandi - munum að við höfum svo oft fengið styrki úr LCIF hjálparsjóðnum okkar allra þegar við höfum lent í náttúruhamförum, - styrkjum sjóðinn okkar. Gefum fyrir 100 ára afmælið okkar, söfnum um leið í Melvin Jones viðurkenningar handa frábærum félögum okkar. Hver króna skiptir máli.

Við vitum að þegar við leggjum saman öll getum við sýnt svo mikinn styrk, taka þátt, þarf ekki að vera há fjárhæð – allt skiptir máli.

Kristín Þorfinnsdóttir



Kona virðir fyrir sér rústir heimilis síns í Port Salut. AFP



Norrænir Lionsfélagar hittast

Árlegt þing Norræna Samstarfsráðsins, NSR, verður haldið á Hótel Sögu 20.-21. janúar næstkomandi. Þingið sækja Lionsfélagar frá Íslandi, Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Þingnefnd NSR-þingsins skipa Þór Steinarsson úr Lkl Fjörgyn, Margrét Jónsdóttir úr Lkl Fold og Hörður Sigurjónsson úr Lkl Nirði.

Innan NSR fer fram samstarf Lionsfélaga norðurlandanna m.a. árleg hjálparverkefni, unglingskipti, samvinna um þátttöku í alþjóðastjórn Lionshreyfingarinnar, sameiginlega framgöngu á alþjóðþingum o.fl.

Með því að vinna saman mynda norrænu Lionsfélögin hóp sem hlustað er á á alþjóðavettvangi Lions. Íslenskir Lionsfélagar hafa nokkrum sinnum átt fulltrúa í alþjóðastjórn Lions. Þetta hefur verið hægt með samstarfi við norðurlöndin, ein sér hefðum við ekki bolmagn til að eiga fulltrúa á þeim vettvangi. Og núna eigum við 2. varaforseta alþjóðahreyfingarinnar Guðrún BYngvadóttir sem eftir 2 ár verður fyrsta konan til að gegna embætti alþjóðaforseta Lions.

Starfsárið 2016-2017 er Ísland leiðandi í starfi NSR. Fjöllumdæmisstjóri Lionsumdæmis 109 Árni B. Hjaltason Lkl Njarðvíkur er formaður CC-hóps NSR og Hrunn Hjaltadóttir Lkl Fold er formaður AU-nefndar innan NSR. Þau tvö starfa náið með þingnefnd NSR-þingsins hvað varðar alla dagskrá þingsins.

Þingsetning verður í Neskirkju föstudaginn 20. janúar 2017 klukkan 13:00. Þar á eftir verða námstefnur og makadagskrá. Um kvöldið er svo kynningarkvöld sem haldið verður í Súlnasal Hótel Sögu.

Á laugardegnum 21. janúar verður umfjöllun um aðalerindi þingsins „Where have Lions been last 100 years and where to should Lions head the next 100 years?“

Að því loknu er sjálft NSR-þingið með hefðbundnum þingstörfum. Lokahóf þingsins er svo á laugardagskvöldinu og verður það haldið í Súlnasal Hótel Sögu,

En þinghaldið er ekki eingöngu til að ræða þessi málefni heldur gefst þar einnig tækifæri á að mynda vinatengsl og skiptast á skoðunum um fjölmörg málefni utan við hið eiginlega Lionsstarf.

Þeim sem hefðu áhuga á að sækja þingið er bent í heimasíðu Lionshreyfingarinnar. Þar er aðgengilegt skráningar eyðublað. Einnig er hægt að senda rafpóst á Margréti Jónsdóttur, maggaj@mmedia.is.

*f.h undirbúningsnefndarinnar
Þór Steinarsson*



Úu pistill

Fjáröflun sem svo sannarlega er holl og heilsusamleg alla leið.

Úur njóta góðs af uppskeru sumarsins, brakandi ferskt grænmetið var tekið upp síðsumars á góðviðrisdegi og því komið samdægurs til velunnara Úu, sem hafa tryggt sér poka af góðgætinu.



Myndir úr starfi

Varaforseti á ferð og flugi

Guðrún Björt Yngvadóttir

2. vara alþjóðaforseti Lions



Viðburðarríkur ársfjórðungur

Þeir fjórir mánuðir, sem liðnir eru frá því ég var kosin í embættið, eru búnir að vera viðburðarríkir. Við höfum farið víða og tekið þátt í mörgu og verið á ferðinni erlendis að meðaltali þrjár vikur af hverjum fjórum. Hér á eftir koma nokkrar myndir og frásögn frá verkefnum sem við höfum tekið þátt í.



Aldarafmælismyndill Evrópu

Evrópukyndillinn var tendraður í Grænlandi í byrjun september og mér falinn sá heiður. Næst verður kyndillinn tendraður á Evrópu Forum, þar sem fulltrúar allra Lionslanda Evrópu munu flytja hann „milli landa“ á táknrænan hátt. Samskonar kyndill er tendraður í hverri heimsálfu, en minni kyndlar eru notaðar við afmælis-hald í hinum ýmsu löndum, m.a. á Íslandi



Regnhlífur í Mumbai

Það er skemmtilegt að brjóta upp grámygluna með litríkum regnhlífum, en það gera Lionsklúbbar á Indlandi, sem gefa þeim sem þurfa, þessar litríku Lions-merktu regnhlífur. Þær veita vörn gegn regni og/eða sól og gera Lions mjög sýnilegt



Umhverfisverkefni

Lionsklúbbar Nuuk í Grænlandi sameinaði tvö verkefni, þegar þeir efndu til samkeppni meðal allra bekkja í elsta árgangi grunnskólans við að hreinsa umhverfi bæjarins. Hver bekkur fékk ákveðið svæði til að hreinsa og ákveðna fjárhæð fyrir vinnuna. Sá bekkur sem safnaði mestu og flokkaði best, fékk í verðlaun tvöfalda þá upphæð. Með þessu verkefni lagði Lkl. Nuuk ungmennum lið og stuðlaði að fegrun umhverfisins.



Opunarhátíð

Það var mikið um að vera þegar opnuð var Fjölskyldumiðstöð í Minsk, þar sem fjölskyldur með langveik börn gátu komið og fengið stuðning og endurhæfingu og ýmsa aðra þjónustu. Mættir voru forráðamenn borgarinnar og heilbrigðisyfirvalda, börn sungu og dönsuðu og Eurovision-stjarna steig á stökk. Fjölskyldumiðstöðin er samnorraent Lionsverkefni, styrkt af NSR og stýrt af Lions í Noregi.



Forráðamenn og fjölmiðlar

Mikil áhersla er lögð á að Lionsforsetar hitti forystu- og framámenn hvar sem þeir koma. Markmiðið er að kynna stjórnendum hvers lands og hverrar borgar mikilvægi Lions á þeim stað og hvað Lions gerir á heimsvísu. Einnig er reynt að opna nýja möguleika fyrir Lions og styrkja gott samstarf við yfirvöldin. Að sama hætti eru fjölmiðlafundir mikilvægir, til að ná augum og eyrum almennings.



Peir sem minna mega sín

Lionsklúbbar leggja lið þeim sem minna mega sín og sinna þörfinni hver í sinni heimabyggð, til að gefa samborgurunum betra líf. Hér erum við í heimsókn á heimili fyrir þroskahefta í Belarus, en það var rekið með miklum myndarbrag. Mikil áhersla er lögð á hand- og myndmennt, og voru heimamenn rausnarlegir við Lions-gestina, gáfu þeim m.a. handprjónaða sokka.



Hvar 2018-2019?

Á næstu mánuðum þarf ég að velja staði og skipuleggja mína alþjóðastjórnarfundir starfsárið 2018-2019. Samningar við hótél eru gerðir tveimur árum áður. Reynt er að velja skemmtilega stað, sem bjóða upp á fjölbreytta möguleika til upplifunar og menningu, góðan mat og gott atlæti. Alþjóðastjórnin er fjölþjóðlegur hópur, með mismunandi þarfir og

áhugamál. Það er því margt sem þarf að taka tillit til við val á stað. Þarna erum við „hótel í villta vestrinu“.

Stefnt er að því að októberfundurinn verði í Bandaríkjunum og aprílfundurinn í Reykjavík (ef nógu margir og nógu stórir fundarsalir fást á réttum tíma og réttu verði).



Krabbameinssjúk börn

Eitt af nýjum áherslum Lions í verkefnavali er að sinna í auknu mæli rannsóknum og meðferð á krabbameinum í börnum. Við skoðuðum sjúkrahúsi í Minsk fyrir krabbameinssjúk börn og hittum þennan 10 ára dreng, sem var að bíða eftir mergígræðslu. Hann málaði uglu og gaf mér, mjög þakklátur Lions fyrir þeirra stuðning.

30.000 konur í Japan

Konur í Lions í Japan hefur fjölgað um meira en helming á 5 árum, voru 11% félaganna haustið 2011, en 25% í dag. Þær eru ekki virkar í forystunni, minna en 5% gegna embættum í umdæmunum. Engu að síður er ein valdamesta kona í Tokyo, sjálfur borgarstjórinn Yuriko Koike, einnig Lionsfélagi í Tokyo. Mér var boðið á ráðstefnu í Tokyo fyrir sléttum 5 árum um konur í Lions, til hvetja til fjölgunar kvenna í Lions; þá mættu 230 konur. Mér var aftur boðið á ráðastefnu í Tokyo, í október 2016, til að hvetja til aukinnar þátttöku kvenna í forystu Lions. Leigður var salur fyrir 600 manns og var hvert sæti bókað og jafnlangur biðlisti. Til að sinna þessum áhuga, ráðstefnunni streymt beint, og er hún áfram aðgengileg á netinu.

Inntaka nýrra félaga

Að vera aldarafmælisfélagi er mjög merkilegt og að vera tekinn inn af forseta (eða varaforseta) gerir viðburðinn áhrifameiri. Í hverri heimsókn okkar hefur verið tekinn inn nýr félagi eða stofnaður nýr klúbbur, en það er mjög ánægjulegt verkefni og gefur góð fyrirheit um framtíðina.



JÓLIN BYRJA
18. NÓVEMBER




Gallery
Restaurant

VEISLUSALIR VIÐ ÖLL TÆKIFÆRI
WWW.HOLT.IS

Orkester Norden



Í ágúst tók ég þátt í Orkester Norden, Ísinfóníuhljómsveit sem samanstendur af ungu tónlistarfólki frá Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum og er nú haldið í Álaborg í Danmörku. Þar er glænýtt og glæsilegt tónlistarhús, Musikkens Hus, þar sem hljómsveitin æfði í tvær vikur áður en hún hélt af stað í tónleikaferðalag.

Ég spila á víólu, eða lágfiðlu, og sótti um hljómsveitina í vor með því að senda inn áheyrnarprufu. Þegar ég fékk svo að vita að ég hafi komist inn í hljómsveitina

var eftirvæntingin mikil. Undirbúningur fyrir námskeiðið hófst strax því hljómsveitin er á mjög háu stigi þrátt fyrir að vera ungsveit og því gott að vera vel æfður. Prógrammið sem við æfðum var mjög norrænt; Nacht und Trompeten eftir Danann Hans Abrahamsen, píanókonert eftir Norðmanninn Edvard Grieg sem Víkingur Heiðar Ólafsson spilaði, sínfónía fjögur eftir Brahms, Valse Triste eftir Finnann Sibelius og Vallflickans Dans eftir Svíann Hugo Alfvén. Þó svo að það vantaði íslenskt tónskáld á þennan lista stóð Víkingur Heiðar sig svo vel að við Íslendingarnir gátum ekki verið stoltari.

Æfingabúðirnar byrjuðu í Álaborg 8. ágúst þar sem alvaran tók við. Við æfðum oftast í átta tíma sem skiptust á milli raddæfinga og æfinga þar sem öll hljómsveitin æfði. Þó svo að maður hafi oft verið þreyttur

eftir þessa löngu daga þá gerðu kennararnir og hinir hljómsveitar-meðlimirnir alla daga frábæra. Metnaðurinn var mikill og það er fátt jafn lærdómsríkt eins og að spila í hljómsveit og læra af hinum sem spila með manni og fá innblástur frá þeim.

Við höldum okkar fyrstu tónleika í Álaborg eftir tveggja vikna æfingar og byrjuðum þar vel heppnað tónleikaferðalag um mörg bestu tónleikahús Norðurlandanna. Tónleikaferðalagið var dagana 20. –25. ágúst. Daginn eftir tónleikana í Álaborg spiluðum við í DR tónleikahúsinu í Kaupmannahöfn, þá höldum við til Stokkhólms og spiluðum í tónleikahúsinu þar og enduðum túrinn í Musiikkitalo í Helsinki. Tónleikarnir okkar fengu góða gagnrýni fyrir spilamennsku og orku og í einni þeirri stóð að það kæmi á óvart á hversu háu stigi hljómsveitin væri.

Það er svo margt sem spilar inn í hvers vegna þessi hljómsveit er eins flott og raun ber vitni og afhverju maður lærir svo mikið af því að taka þátt. Það eru algjör forréttindi að fá að vinna með fólki sem hefur sama áhuga og metnað og maður sjálfur og allir hafa það markmið að gera sitt besta. Á sama tíma og við lærum af hvoru öðru tónlistarlega séð, eru líka ólíkir menningarheimar að mætast. Kynnin við allt þetta góða fólk eru ekki síður áhrifamikil og mótandi fyrir mann og maður myndar tengsl til frambúðar.

Að lokum vil ég þakka Lions kærlega fyrir dýrmætan stuðning.

Anna Elísabet Sigurðardóttir.



Hljómsveitin eftir æfingu í Álaborg.



Víóludeildin eftir tónleikana í DR.



Tónleikar í Stokkhólmi.



Frídagur í Stokkhólmi.



Stórtónleikar í Grafarvogskirkju 3. nóvember 2016, kl. 20:00



Lionsklúbburinn Fjörgyn stendur fyrir tónleikum til styrktar
Barna- og unglingsgeðdeild LSH og Líknarsjóði Fjörgynjar

Eftirtaldir listamenn koma fram og styrkja verkefnið:

Karлакórinn Fóstbræður, stjórnandi Árni Harðarson

Gospelkór Lindarkirkju, stjórnandi Óskar Einarsson

Baggalútur

Geir Ólafsson

Hera Björk Þórhallsdóttir

Kristján Jóhannsson

Ragnar Bjarnason

Stefán Hilmarsson

Diddú

Guðrún Árný Karlsdóttir

Jón Jónsson

Páll Rósinkranz

Sigga Beinteins

Þór Breiðfjörð


Undirleikarar: Jónas Þórir, Matthías Stefánsson,
Þorgeir Ástvaldsson



Altarsgluggi Grafarvogskirkju eftir Leif Breiðfjörð



Kynnir: Gísli Einarsson



Lkl. Fold selur veitingar í hléi



Verð aðgöngumiða kr. 5.000

Miðasala á eftirtöldum stöðum:



Ártúnshöfða
Gagnvegi



Álfheimum
Gullinbrú



VALITOR



Ítalskt verkefni gengur vel í Afríku

Eftir Cassandra Rotolo

Næri 800 milljón manneskjur í heiminum hafa ekki nægan mat til að fæða sig. Alvarlegast er ástandið í vanþróðu ríkjum þar sem eitt af hverjum sex börnum þjáist af vannæringu.

Lionsklúbbarnir Venezia Host og Venezia Angelo Partecipazio á Ítalíu hafa hafið samstarf við Lionsklúbbinn Koudougou Baobab í Burkina Faso og Alþjóðahjálparsjóð Lionshreyfingarinnar (LCIF) til að vinna að lausn á vandamálinu í fjölmörgum bæjum í þessu Vestur Afríku ríki.

Ítölsku Lionsklúbbarnir hlutu International Assistance Grant frá LCIF að upphæð US\$ 54.267 til að sinna þessu verkefni. Lionsklúbbarnir settu sér þrjú megin verkefni. Byrjað var á að koma upp námskeiðum til að kenna konum frá strjálbýli að nýta svo kölluð drip irrigation system (smá áveitukerfi). Drip irrigation system er kerfi þar sem vatni undir lágum þrýstingi er beint að rótum plöntunnar og þarf því lítið vatn til að halda þeim nægjanlega rökum til að vaxa. Þetta kerfi er sérlega hentugt á miklum þurrka svæðum.

Næsta skref var að koma upp grænmetisgörðum í þorpunum og nýta áveitukerfið til ræktunar. Þriðja skrefið var svo að kenna konum frá næsta nágrenni að rækta korn með þessari nýju aðferð og gera úr því næringarríka fæðu fyrir fjölskyldur sínar.

Nauðsynlegt var að koma upp söfnunartönkum fyrir vatn, rotmassa gryfjum og ekki síður að girða af grænmetisgarðana

Í sjálfbærni undirbúningu Lionsfélagar 2,5 hektarar af landi. Þeir grófu vatnsbrunnna og komu fyrir dælum knúnum sólarorku. Þeir plöntuðu laukum, fjölbreyttu grænmeti og ávaxtatrjám. Innfæddir voru að sjálfsögðu með í ferlinu til að læra handbrögðin, læra á áveitukerfið og að hugsa um garðana.

Stefnt er að því að koma upp fleiri slíkum ökrum og að þjálfa að minnsta kosti 60 konur á hverju ári. Markmiðið er að þær geti með þessu ræktað meira en nóg af grænmeti fyrir sig og sína og hægt verði að koma upp markaði til að selja umfram framleiðsluna. Þannig getur þetta bæði mætt fæðuþörfinni og stuðlað að fjárhagslegum stöðugleika.

„Vegna þeirrar gríðarlegu vannæringar og fátæktar sem ríkir í dreifbýli Burkina Faso ákváðum við Lionsfélagarnir að berjast gegn ástandinu. Við vonum að með þessu verkefni geti börnin og þeirra fjölskyldur lifað við meira fæðuöryggi og betri heilsu,“ segir Giovanni Spaliviero fulltrúi Lions á Ítalíu.

International Assistance Grant LCIF veitir



Konur í Kyon, Burkina Faso huga að ræktun í nýjum grænmetisgarði.

styrki frá US\$ 5.000 upp í US\$ 30.000 gegn jafn háu framlagi frá klúbbum. Þessir styrkir veita meðal annars klúbbum í vanþróuðum löndum tækifæri til samvinnu við klúbba frá öðrum löndum til að sinna verkefnum sem hafa verulega mikil áhrif á þeirra nær umhverfi. IAG hefur veitt styrki til uppbyggingar á heilsumverndarstöðvum, hreinlætisaðstöðu, vatns-hreinsun, kennslu verkefnum, fjölmörgum

sjálfbærni verkefnum og bættum lífsskilyrðum blindra og annarra fatlaðra. Frekari upplýsingar um hvernig Lionsklúbbar geta sótt um IAG styrk er hægt að finna á www.lcif.org. Einnig má hafa samband við LCIF fulltrúa fjöllum-dæmisins eða umdæmanna.

Þýðing: Kristinn Hannesson

Tónaveisla í Grafarvogskirkju



Fulltrúum BUGL færður styrkur 2013. Frá vinstri Eggert J Levy, þáverandi formaður Lkl. Fjörgynjar, Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir, yfirlæknir göngudeildar BUGL, Linda Kristmundsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri göngudeildar BUGL, Ólafur Ó. Guðmundsson, yfirlæknir á BUGL, Vilborg G. Guðnadóttir, deildarstjóri BUGL, Sigurjón Andrésson, markaðsstjóri Sjóvár og Þyrí Dröfn Konráðsdóttir, markaðssérfræðingur N1.

Lionsklúbburinn Fjörgyn í Grafarvogi leggur ríka áherslu á að beita sér fyrir bættari heilsu barna og unglunga. Frá stofnun klúbbsins hafa helstu verkefni klúbbsins tengst stuðningi við Barnaspítala Hringins og Barna- og unglíngageðdeild Landspítalans (BUGL). Með aðstoð fyrirtækja og einstaklinga hefur Fjörgyn getað fjármagnað kaup á magvíslegum lækningatækjum fyrir Barnaspítalann og leikföng fyrir skjólstaðinga spítalans. Frá árinu 2002 hefur Lionsklúbburinn Fjörgyn svo staðið fyrir stórtónleikum í Grafarvogskirkju til styrktar BUGL og líknarsjóði Fjörgynjar.

BUGL rekur göngudeildar- og vettvangsþjónustu fyrir börn og unglunga, þar sem áhersla er lögð á að gefa sjúklingum kost á að dvelja heima á meðan þeir sækja þjónustu til göngudeildarinnar. Svo hægt sé að veita slíka þjónustu þarf meðferðarteymi að vera hreyfanlegt og geta vitjað sjúklings á sínum heimavelli. Lionsklúbburinn Fjörgyn hefur unnið að því að auðvelda BUGL þessa vettvangsþjónustu m.a. með kaupum á bifreiðum til afnota fyrir meðferðarteymi og hefur klúbburinn jafnframt kostað rekstur þeirra í samstarfi við N1 og Sjóvá.

Á næstunni verða stórtónleikar Fjörgynjar haldnir í Grafarvogskirkju í fjórtánda sinn. Frá upphafi hefur Fjörgyn notið mikils velvilja hjá „landslíði“ tónlistarfólks og í hvert sinn vilja fleiri taka þátt en komast að á einni kvöldstund. Tónleikarnir eru vinsælir og hafa hlotið fastan sess hjá mörgum fjölskyldum, því á efnisskrá tónleikanna er ætíð góð blanda klassískrar tónlistar, popptónlistar, einsöngs, kóra og hljómsveita, sem fólk á ólíkum aldri getur notið í aðdraganda adventunnar. Tekjur af tónleikunum munu veita klúbbum tækifæri til að halda áfram stuðningi sínum við BUGL. Einnig við önnur mikilvæg mannúðarverkefni, svo sem stuðning við bágstaddar fjölskyldur en á hverju ári sendir Fjörgyn matargjafir til um 50 heimila í Grafarvogi og Grafarholti í tilefni jólanna. Þetta er gert í góðu samstarfi við Grafarvogskirkju og fyrirtæki á matvörumarkaði.

Lionsklúbburinn Fjörgyn er þakklátur fyrir þann hlýhug sem stuðningsaðilar klúbbsins sýna þegar til þeirra er leitað. Við Fjörgynjarmenn vonumst til að sjá þig á tónleikunum þann 3. nóvember næstkomandi og einnig félagar í Lionsklúbbum Fold, en Foldarkonur annast veitingasölu í hléi á tónleikunum í fjáröflunarskyni fyrir líknarsjóði klúbbsins.

F.h. Lkl. Fjörgynjar

Sigmar Arnar Steingrímsson, formaður félaga- og kynningarnefndar



Gissur Páll Gissurarson í göðum tenörgír.



Hljómsveitin Kaleo flytur flotta útsetningu á gömlum slagara, Vor í Vaglaskógi.



Dúettinn Lay Low og Raggi Bjarna flytja lagið Þannig týnist tíminn.



Frá Lionsklúbbum Emblu

Þá er hauststarfið 2016 hafið hjá Emblukonum og má segja að það byrji með stæl undir styrkri stjórn nýja formannsins okkar Unnar G. Jónasdóttur, því fyrstu tveir fundir voru ferðalög þar sem farið var í langferðabifreiðum til Kópavogs á fyrri fundinn og Hafnarfjarðar á þann seinni. Fyrri ferðin okkar byrjaði í Elliðahvammum að heimsækja Þorstein Sigmundsson bónda þar og tók hann á móti okkur, sýndi okkur margt áhugavert og skemmtilegt eins og býflugnabú, eplaráekt og eggjaframleiðslu. Frásögn hans um býflugnaráekt og hunangsframleiðslu var eins og ævintýrasaga því þetta eru svo merkileg dýr og hlustuðum við allar alveg agndofa á frásögn hans. Skoðuðum líka eplaráekt hjá Þorsteini og gengum um svæðin hans. Þetta var afar skemmtileg heimsókn á þessum fallega stað niður við Elliðavatn. Því næst var haldið í Kríunes og þar héldum við fyrsta fundinn okkar á þessu hausti, þetta er skemmtilegur staður að koma á. Næsti fundur var heimsókn til Kaldár kvenna í Hafnarfirði, þar var vel tekið á móti okkur borðaður góður matur og allir skemmtu sér vel. Alltaf gaman þegar lionsklúbbar heimsækja hvern annan og deila því sem hver klúbbur er með á sinni dagskrá, mjög þroskandi og skemmtilegt.

En það er margt framundan í starfi hjá Emblukonum, nú fer að stytast í okkar seinna diskótek fyrir fatlaða skjólstaðinga okkar á þessu ári, og er það alltaf jafn mikil tilhlökkun ekki bara hjá þessu frábæra fólki okkar sem skemmtir sér af mikilli innlifun heldur líka hjá okkur lionskonum, en þetta diskótek verður haldið laguardaginn 22. okt. nk. Það er Jón Bjarnason okkar frábæri Melvin Jones félagi sem stendur fyrir stuðinu hjá okkur og er alveg ómissandi í þessu starfi. Það fer líka að stytast í jólin og fallegu jólakortin okkar að koma úr prentun, við erum alltaf jafn spenntar að sjá mynd hvers árs á kortunum, sem alltaf hafa verið teiknaðar af lista- og lionsmanninum okkar Jóni I. Sigurmundssyni og við ávalt jafn stoltar og þakklátar honum fyrir þetta góðverk sem hefur verið okkar besta fjáröflun til góðra mála hér í nærsveitum sem og annarsstaðar einnig. Það er alltaf þörf á aðstoð frá félagsamtökum eins og Lions, og við endalaust þakklátar þeim mörgu sem styðja okkur í því að hjálpa og gleðja þar sem þess er þörf. Nú stendur yfir undirbúningur fyrir konukvöld sem haldið verður í byrjun nóv. Þetta er nýleg fjáröflunarleið hjá okkur, sem byrjað var á í fyrra haust og tókst afar vel, og verður nú endurtekið með því að borða góðan mat og skemmta okkur eina kvöldstund saman.



Þorsteinn í Elliðahvammum tekur á móti okkur Emblukonum.



Þorsteinn, María og Unnur formaður, hér búin að afhenda Þorsteini blómvönd.



Borðað í Kríunesi.



Borðaður góður matur.



Kristín Þorfinnsd. Dagrún Másd. og Hjördís Sigurðard. í heimsókn til Kaldárkvenna.



Unnur G. Jónasdóttir, formaður þakkar fyrir góða heimsókn.

Það er semsagt margt framundan og við hlökkum til starfsins á komandi vetri, vonum að ungar og kraftmiklar konur bætist í hópinn okkar það er alltaf pláss fyrir góða starfskrafta og alltaf eitthvað spennandi að gerast. Því er gott að enda þetta með okkar góðu máltækjum, „að hafa gaman saman“ og „margar hendur vinna fislétt verk“ og með þeim orðum sendum við Emblukonur okkar bestu haustkveðjur, með ósk um gott lions starfsár hjá okkur öllum.

Guðrún Guðnadóttir, blaðastf. Lkl. Emblu.



Ágætu Lionfelagar

Hörður Sigurjónsson

Kynningastjóri



Við í kynningarteymi lions erum búin að hittast og langar að minna ykkur á ýmsa viðburði sem eru framundan í félagsstarfi okkar í vetur og viljum við hvetja klúbba til að taka að sér sem verkefni. Ef að við lítum á það sem er framundan skal fyrst nefna að nóvember er sykursýkisvarna mánuður í lionshreyfingunni um allan heim.

Við hvetjum klúbba um land allt að hafa samband við heilsugæslur í sinni heimabyggð og athuga hvor ekki er hægt að vera með samvinnu með þeim og standa fyrir sykursýkismælingum en sykursýkisvarnardagurinn er 14. nóvember.

Endilega hafið samband við lionskrifstofuna eða við okkur í kynningarteyminu ef þið þurfið

kynningarbæklinga um sykursýki, eða annað efni sem varðar lionshreyfinguna til að dreifa í ykkar heimabyggð. Það er mjög mikilvægt að við gerum okkur sýnileg í öllum okkar verkefnum og notum tækifærið vel til að kynna lionshreyfinguna fyrir landsmönnum og til að fá nýja félagu til liðs við okkur.

Eins skuluð þið hafa samband ef þið þurfið aðstoð t.d. við að skrifa greinar um starfsemi ykkar eða annað sem lítur að kynningu, einnig erum við tilbúin að koma til ykkar á fund með kynningu á hreyfingunni, þið getið líka haft beint samband við lionskrifstofunna.

Friðarvegsspjaldakeppnin

Við viljum minna á að frestur til að skila friðarvegsspjaldinu og ritgerðinni er til 14. nóvember 2016, skila skal því til lionskrifstofunnar, umdæmisstjóra, svæðisstjóra eða ungmenna-verkefnastjóra/ ungmennaverkefnafulltrúa

Einnig viljum við minna ykkur á Málþingið um lestaraátakið „Baráttan um treglæsi“ sem haldin verður í Reykjanesbæ og Málþingið „Konur í Lions“ sem haldið verður í Lionsheimilinu nú í nóvember. Lionshreyfingin á alþjóðavísu stendur fyrir nokkrum góðum verkefnum sem unnt er að kynna sér betur inn á lionsíðunni okkar. Það sem er svo framundan í vetur er t.d. NSR þingið sem er norðurlandaþing fjölumdæma á Norðurlöndum og verður það haldið í janúar nk. í Reykjavík og eigum við von á fjölmörgum lionsfélögum frá Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi, tilvalið er að mæta á þingið og hitta þessa góðu félagu okkar.

Á næsta ári verður Lionshreyfingin 100 ára, fyrirhugaður er fundur kynningarteymis og afmælisnefndar til að fara yfir kynningarmálin varðandi afmælisárið en ætlunin er að halda veglega upp á það með víðtækri kynningu á hreyfingunni um land allt og munum við kynna það sameiginlega betur síðar.

Eins og við vitum öll þá er búið að kjósa hana Guðrúnu Björt Yngvadóttur f.v. alþjóðastjórnarmann úr Lionsklúbbum Eik í Garðabæ til embættis 2. alþjóða varaforseta Lions fyrst kvenna í heiminum. Við erum ákaflega stolt yfir því að vera að eignast fyrsta alþjóðaforsetann í 101 ára sögu hreyfingarinnar sem er kona. Hún tekur við embætti árið 2018. Ég vil hvetja ykkur til að fara inn á síðuna okkar og kynna ykkur Guðrúnu 2. alþjóða varaforseti, þar sjáið þið hvað hún er að gera og hvað er framundan hjá henni, einnig er hægt að styðja hana með því að kaupa merki sem var gefið út af þessu tilefni og er til sölu á lionskrifstofunni.

Við sem erum í kynningarteyminu eru Aníta Kútsdóttir Lkl. Fold fyrir umdæmi 109 B og Kristófer A Tómason Lkl. Geysi fyrir umdæmi 109 A og Hörður Sigurjónsson Lkl. Nirði fyrir fjölumdæmið.

Ekki hika við að hafa samband við okkur ef við getum aðstoða ykkur á einhvern hátt varðandi kynningarmál.

*Með lionskveðju
Hörður Sigurjónsson
Kynningastjóri*

Minning + Ólafur H. Flygenring



Ólafur H. Flygenring félagi okkar í Lionsklúbbum Fjölni kvaddi þennan heim 4. október 2016.

Ólafur sem var 92 ára þegar hann lést hafði verið félagi í Fjölni frá 1969 eða í 47 ár samfleytt. Hann hafði m.a. verið ritari klúbbsins 1972-1973 og formaður 1976-1977. Einnig var hann í málefnefnd klúbbsins og síðar í Viðinesnefnd frá 1984-1988, skógræktar- og umhverfisnefnd frá 1998-2008 og gegndi auk þess mörgum öðrum lykilstörfum í klúbbum á starfsferli sínum. Þá hlaut hann margar viður-

kenningar klúbbsins svo sem Melvín Jones viðurkenninguna sem er ædsta viðurkenning lionshreyfingarinnar sem lionsklúbbur getur veitt félagu sínum fyrir frábær störf í þágu klúbbsins.

Við félagarnir sjáum á bak göðum félagu sem var alltaf tilbúinn til að taka þátt í öllum þeim góðgerðarverkefnum sem klúbburinn tók að sér og meðan Lára kona hans var á lífi tóku þau hjón mjög virkan þátt í starfi klúbbsins. Þegar Lára féll frá fundum við að Óli hafði misst mikið en hann reyndi að láta lítið á því bera við okkur.

Við félagarnir í Lionsklúbbum Fjölni og konur okkar kveðjum Ólaf með söknuði og sendum fjölskyldu hans innilegar samúðarkveðjur og þökkum störf hans fyrir lionshreyfinguna undanfarna áratugi.

*Fyrir hönd Lionsklúbbsins Fjölnis
Þórir Jensen
formaður*


Lionsklúbbur Vestmannaeyja málar Arnardrang

Í tilefni 75 ára afmælis Rauða krossins í Vestmannaeyjum tók klúbburinn okkar að sér það verkefni að mála húsið, bæði þak og útveggi. Alls fóru um 300 vinnustundir í verkið og er húsið nú hið glæsilegast og mikil bæjarprýði.

Lionsklúbburinn hefur miðhæðina fyrir aðstöðu sína í húsinu og Rauði krossinn neðstu hæðina og risið. Hefur klúbburinn hæðina til afnota svo lengi sem klúbburinn lifir og var á sínum tíma gert samkomulag um að Lionsmenn tækju að sér það verkefni að innrétta húsið að innan og ganga frá lóðarmannvirkjum, en fengju í staðinn fundar-

aðstöðu fyrir starfsemi sína. Arnardrangur var formlega vígður árið 1999 og hefur mikið líf og starf verið í húsinu síðan. Húsið var byggt sem sjúkrahús árið 1928 og var í eigu Ólafs Lárussonar héraðslæknis sem rak þar sjúkradeild til ársins 1940

Á jarðhæðinni voru læknastofur og á miðhæðinni innlagnir fyrir erlenda sjómenn og voru þar 12 sjúkrarúm. Í risinu bjó læknirinn með fjölskyldu sinni. Ólafur stofnaði Rauða kross Vestmannaeyja 23. mars árið 1941 og var formaður í nokkur ár .



Lionsklúbburinn Fjölur

Í júlí 2016 fóru stjórn klúbbsins og nokkrir klúbbfélaga í heimsókn í meðferðarheimilið í Krýsuvík til að fara nánar yfir aðstæður og þarfir heimilisins og undirbúa gróðursetningu trjáplantna á lóð heimilisins.

Fyrri gróðursetning okkar hefur ekki dafnast nógu vel m.a. vegna þess hve vindasamt er á þessu svæði. Gerðar voru tillögur um byggingu skjólgirðinga um þá reiti sem plantað yrdi í til að auka líkur á að plönturnar myndu þrífast. Ákveðið var að hefja undirbúning að gróðursetningu í haust með því að útvega efni í skjólveggi og setja niður trjáplöntur um miðjan október.

Á fundinum komu jafnframt fram óskir um stuðning til kaupa á traktor og kaupa á hjartastuðtæki fyrir heimilið, þar sem það er ekki í alfaraleið.

Afrakstur heimsóknarinnar eru m.a. tvær stórgjafir klúbbsins til meðferðarheimilisins sem afhentar voru á 30 ára afmæli Krýsuvíkur samtakanna 15. október. Þá færði klúbburinn heimilinu 600 þúsund krónur til kaupa á traktor og hjartastuðtæki ásamt veggskáp að verðmæti 232 þúsund krónur.

Laugardaginn 10. september fóru Fjölnismenn í fjölskylduferð til Vestmannaeyja. Þátttaka var mjög góð, sem byggðist m.a. á því að formaðurinn hafði tekið saman fróðlegar upplýsingar um Vestmannaeyjar og gosið, sem sendar voru til félaga í byrjun september. Lagt upp var frá Lions heimilinu í Sóltúni um klukkan sjö um morguninn og ekið sem leið liggur til Landeyjahafnar, þar sem farið var með Herjólfu yfir til Vestmannaeyja. Tókum við með okkur rútu og keyrðum um eyjuna og skoðuðum gosstöðvar og aðra áhugaverða staði.



Það sem okkur flestum fannst einstaklega áhugavert var safnið Eldheimar, þar sem okkur eru í fyrstu sýndar leifar af íbúðarhúsi sem grafið var upp og hægt að sjá á áhrifamikinn hátt hvernig náttúruhamfarirnar fóru með heimili fólks. Þá eru gestir leiddir á myndrænan hátt í gegn um hörmungarnar frá því gosið byrjaði aðfararnótt 23. janúar 1973 og til gosloka 5 mánuðum seinna. Þetta er safn sem allir sem koma til Eyja ættu að heimsækja til að skilja hörmungarnar sem Vestmannaeyingar urðu að ganga í gegn um á þessum tíma.

Síðastliðið vor gerði Lions klúbburinn Fjölnir samning við rétthafa um kaup á margverðlaunaðri fræðslumynd um líf

keisaramörgæsanna á Suðurskautinu. Markmið okkar Fjölnismanna var að útbúa DVD disk og styrkja gott málefni með sölu á diskunum. Sem styrktaraðili varð Neistinn styrktarfélag hjartveikra barna fyrir valinu og gerður var samningur við Neistann um að allur hagnaður af sölu disksins rynni til Neistans. Salan hefur gengið það vel að safnast hafa tæpar 6 milljónir um miðjan október 2016 og líkur á að okkur takist að safna verulega meiru. Bjartsýnustu vonir eru að það takist að safna 10 – 12 milljónum, sem væri frábært framlag okkar Fjölnismanna til Neistans til stuðnings við hjartveik börn og fjölskyldur þeirra.

Pistill frá Fjörgyn í Grafarvogi

Lk. Fjörgyn hóf vetrarstarfið með grillfundi þann 25. ágúst 2016. Megin þemað á þessum fundi var að hrista saman hópinn og efla baráttuandann fyrir starfið framundan. Klúbbfélagar og makar þeirra áttu saman nota-lega stund til að kynna betur og efla tengslin.

Um mánaðamótin ágúst og september kom fyrsta verkefni ársins en það voru peruskípti í Grafarvogskirkju þar sem skipt var um allar perur á aðalháð kirkjunnar, bæði kirkjuskípi og skrifstofum.

Fyrsti eiginlegi félagsfundur var síðan 8. september þar sem skipað er í nefndir og önnur störf.

Þann 6. október var haldið námskeiðið Árangursrík liðsheild á vegum GLT – fræðslu-

teymis Lions. Leiðbeinandi var Jón Pálmason vara fjöllumdæmisstjóri og voru þátttakendur ánægðir með þetta.

Framundan eru síðan stór verkefni s.s. Stórtónleikar í Grafarvogskirkju þann 3. nóvember til styrktar BUGL nánar um það annarsstaðar í blaðinu, blóðsykursmælingar þann 12. nóvember í Krónunni á Bíldshöfða og jólafundur 9. desember.

Með Lionskveðju og von um ánægjulegt starfsár.

*Hjálmur Steinar Flosason
formaður Fjörgynjar
starfsárið 2016 – 2017.*



Fréttir frá Lionsklúbbum Suðra í Vík í Mýrdal



Við hjá Suðra höfum verið að vinna í því að fjölga í okkar klúbbi og hefur það skilað okkur miklum árangri. Á félagsfundum 10. okt. sl. tókum við inn 5 nýja félagi og fengum við aðstoð Gunnars Vilbergssonar umdæmisstjóra við það verkefni. Það er ekki á hverjum degi sem svona gerist og því við hæfi að tjalda því sem til er. Fundur þessi tókst ákaflega vel og var bros á andliti félaganna við það að taka þátt í þessu.

En góðir Lionsfélagar þetta er ekki allt því mánudaginn 24. okt. bættust 4 félagar við og eru þá nýir félagar orðnir 9. Við inntöku þeirra

var viðstödd Geirþrúður Bogadóttir 2. varaumdæmisstjóri. Þegar þið lesið þetta blað hefur sem sagt fjölgað um 9 félagi í Lionsklúbbum Suðra og ég segi geri aðrir betur. Það má því segja að lionsmenn í Suðra lít björtum augum á framtíðina. Suðramenn til hamingju með glæsilegan árangur. Aðrir klúbbar mættu líta til ykkar og reyna að finna nýja félagi og hlúa vel að þeim svo þeir endist vel.



Sönglaga arfur íslensks Lionsfólks

Söfnum lögum og textum

Söngur og gleði hefur jafnan fylgt íslensku Lionsfólki þegar það gerir sér dagamun. Í störfum mínum fyrir hreyfinguna hef ég oft setið mannfagnaði og heyrt og sungið heimasmiðaða Lionstexta gjarnan við þekkt lög. Flestir klúbbar, sérstaklega kannski kvennaklúbbar, eiga sér einkennis lag og texta.

Nú langar mig til að safna saman öllum svona textum með nöfnum höfunda og undir hvaða lögum textinn er sunginn. Markmiðið er að setja saman hefti sem hefur að geyma alla þessa texta.

Oft eru textarnir prentaðir í hátíðardagskrár klúbba á merkisstundum. Þá vantar gjarnan kannski höfundarnafn. Ég ætla að taka dæmi. Stofnskrárhátíð Lkl. Eðnu var haldin 15. nóvember 1997. Í söngbók af því tilefni eru þrír Lionstextar

Söngur Eðnukvenna:

Hausta tekur sest er sólin
Senn fer jörð í vetrarkjólinn
Göngum upp á háa hólinn
Höfum önnur sjónarmið
Yndisstundir allar saman
Eigum við.

Fyrsta erindi af þremur: Hver samdi textann og undir hvaða lagi er sungið?

Lionsljóð:

Vort rétta einkunnarorð
Sé ósk um kærleik á storð
Osfrv.

Hver er höfundur og hvert er lagið?

Vér hefjum söng: (lag: Hvað er svo glatt)

Vér hefjum söng til heilla á þessum degi
Er höldum þennan góðra vinafund osfrv.

Hver samdi þennan texta? Er það vitað?

Einu gildir hvort textinn er til orðinn meðan klúbbar voru Lionessur.

Nú óska ég eftir því að allir Lionsklúbbar sem hafa átt eða eiga, sendi mér tölvupóst með Lionstextum og upplýsingum um lög og höfunda.

Í hverju Lionsblaði ætla ég svo segja frá söfnuninni og birta kannski einhverja texta.

Markmiðið er eins og áður segir að gefa út hefti í einhverju formi með textunum. Kannski fæst styrkur frá Lions til þess. Allir klúbbar gætu þá fengið það og nýtt á fundum eða skemmtunum.

Pósturinn minn er: jongrondal@internet.is

Funafold 2 112 Reykjavík

Sími 8638481

Með von um góðar undirtektir! Kærar Lionskveðjur



Jón Gröndal PDG, PCC

Lionsklúbbur Hveragerðis

Ánnar fundurinn okkar í Lkl. Hveragerðis hófst á Hótel Örken svo fórum við á nýja steinasafnið „Ljósbrá“, sem er á N1 þar sem Vínbúðin var áður. Þar tók á móti okkur Hafsteinn Þór, guide, leikari og steinafanatíker. Skemmst er frá að segja að kvöldið var hreinlega frábært undir leiðsögn hans.

Ljósbrá er eitt stærsta safn steina, steinda og steingervinga á landinu. Ef þú hefur áhuga á náttúrugræmum, jarðfræði, söfnum og safnarsögum, þá er þetta rétti staðurinn fyrir þig. Safnið er afkrakstur lífstarfs Sigurðar Pálssonar og Sigrúnar Sigfúsdóttur sem lengi vel ráku Hótel Ljósbrá í Hveragerði.

Vilmundur Kristjánsson



Lionsklúbbur Njarðvíkur



Hinn árlegi gróðursetningadagur Lionsklúbbs Njarðvíkur var haldinn fimmtudag 25. ágúst sl. Þarna mættu um 70 einstaklingar lionsfélagar og fjölskyldur þeirra og gróðursettu 400 plöntur m.a. Jörfaviði. Garðurinn okkar heitir Paradís og var fyrst tekin í notkun árið 1984 og er minningarreitur um látinna féлага. Garðurinn er fyrir neðan Grænásbrekkuna í Njarðvík og höfum við gróðursett reglulega sl.

4 ár. Alþjóðaforseti Lions Bob Corlew og eiginkona hans Diane komu í heimsókn ásamt fríðu föruneyti og gæddu sér á grillpylsum og meðlæti. Alþjóðaforsetinn gróðursetti þarna stærsta tréð sem heitir Gráöflur og gekk það mjög vel með aðstoð okkar manna.

Það var virkilega gaman og mikill heiður fyrir okkur í Lionsklúbbi Njarðvíkur að fá þau hjónin í heimsókn í þessari ferð þeirra til

Íslands. Nú er starfsemin formlega byrjuð fyrir veturinn og mikill tilhlökkun með komandi vetur.

Meðfylgjandi eru myndir frá atburðinum.

*Gísli Hlynur Jóhannsson Formaður
Lionsklúbbs Njarðvíkur*



Fréttir frá Lionsklúbbi Ólafsvíkur

Í Ólafsvík eru starfræktir tveir lionsklúbbar, Lionsklúbbur Ólafsvíkur og Lionsklúbburinn Rán. Samstarf milli þessara klúbba hefur ávallt verið mjög gott og klúbbarnir vinna saman að hinum ýmsum verkefnum. Í september 2016 fóru klúbbarnir í sameiginlega skemmtiferð til Bratislava, Slóvakíu. Hópurinn samanstóð af 62 félögum og mökum. Markmið ferðarinnar var einfalt en það var að hafa gaman saman. Meðfylgjandi myndir tóku félagar í ferðinni.

Marinó Mortensen



We Serve

Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fánleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.
EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Lionsklúbbur Vestmannaeyja

Lionsmenn heimsóttu Hamarsskóla í dag og tilefnið var að afhenda öllum sex ára börnum bókina „Nesti og nýir skór“ við upphaf skólagöngu þeirra. Í bókinni eru ljóð, sögur og myndir sem íslenskir krakkar hafa lesið árum og áratugum saman. Sögur sem foreldrar, kennarar, ömmur og afar þekkja og eiga væntanlega eftir að njóta þess að kynna fyrir sínum börnum. Markmið okkar er að þessar sögur verði nýjum lesendum veganesti á leið þeirra inn í heim bókmenntanna. Þetta eru allt góðar sögur, annars hefðu þær ekki verið lesnar svona lengi.

Í þjóðsögum og ævintýrum er gjarnan talað um mikilvægi þess að taka með sér bæði nesti og nýja skó þegar lagt er upp í langferð og núna eru þessi börn að leggja upp í langferð. Þau eru að leggja af stað út í ævintýraheiminn sem opnast þeim, þegar þau læra að lesa. Bókin á að vera lestrarhvetjandi í mjög víðum skilningi – hún á að kveikja áhuga barnanna á bókmenntaarfinum, kveikja áhuga foreldra á lestri með börnum sínum og von okkar er sú að hún tengi jafnframt fjölskyldur við bókasafnið sitt. Þess vegna lagði Lionshreyfingin á Íslandi þessu átaksverkefni lið til að bæta áhuga barna á lestri og bæta lestrarkunnáttu barna og unglinga og er um leið liður í almennri lestrarhvatningu. Hefur Lionshreyfingin á Íslandi skuldbundið sig til 10 ára að starfa við þetta verkefni.

Bókin er gefin út með stuðningi frá Lionshreyfingunni á Íslandi, Barnavinafélaginu Sumargjöf, Norvik, Miðstöð íslenskra bókmennta og Borgarbókasafninu. Við afhendingu bókarinnar hvatti formaður Lionsklúbbs Vestmannaeyja börnin til að fá foreldra sína, systkini, afa eða ömmu til að lesa fyrir þau úr bókinni, fara alltaf vel með bækurnar, nota ávallt bókamerki og heimsækja bókasafnið reglulega svo þau kynnist hversu mikill fjársjóður sé þar til staðar. Formaður fór síðan með ljóð eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur

Nú haustar að

Einhverja nóttina koma skógarþrestirnir
að tína reyniber af trjánnum
áður en þeir leggja í langferðina yfir hafið,
en það eru ekki þeir sem koma með haustið
það gera lítil börn með skólatöskur

Eftir að búið var að afhenda öllum börnunum eintak af bókinni og bókamerki var Bókasafni Hamarsskóla afhentar 10 bækur til útláns á safninu. Að lokum var farið á Bókasafn Vestmannaeyja og þeim afhentar 20 bækur að gjöf til að hafa til útláns.

